

# FÉLAG SÉRLEYFISHAFA

Umferðarmiðstöðin Vatnsmýrarveg 10 • 101 Reykjavík  
Sími 91-22300 • Telex: 3082 • Fax: 91-29973

# FÉLAG HÓPFERÐALEYFISHAFA

Bíldshöfða 2A • 112 Reykjavík  
Símar: 91-82625 & 91-685055 • Fax: 91-674969  
*Alþingi*

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

*Erindi nr. Þ 116 / 584*  
*komudagur 14 / 12 1992*

Reykjavík 14. desember 1992

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skattamál, 286. mál.

Félag sérleyfishafa og Félag hópferðaleyfishafa hafa fjallað sameiginlega um ofangreint frumvarp og vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

1. Þrátt fyrir að aðstöðugjald verði felld niður og tryggingargjald lækkað, þá mun álagning virðisaukaskatts koma illa við ferðaþjónustuna, þar sem næsta ógerlegt er að færa þær hækkanir sem nauðsynlegar eru út í verðlag ferðaþjónustu og munu þær hækkanir bitna að stórum hluta á rekstrarafkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu.

2. Fáist virðisaukaskattur sem greiddur hefur verið frá því að virðisaukaskattur var lagður á ekki endurgreiddur í formi innskatts mun það hafa í för með sér:

i. Ópolandi mismunun í rekstrarforsendum eftir því hvenær ráðist var í fjárfestingar, þar sem þeir aðilar sem fjárfesta eftir 1. janúar 1994 munu fá allan innskatt af fjárfestingum sínum frádregin, en þeir sem fjárfestu fyrr, eru gjarnan enn að greiða skattinn í formi endurgreiðslna af lánum sem tekin voru í sambandi við fjárfestingar.


ii. Við sölu t.d. notaðra hópþifreiða mun eiga sér stað hrein eignaupptaka þegar seljandi þarf að leggja á virðisaukaskatt ofan á söluverð, án þess að hafa fengið innskatt endurgreiddan, en getur þó ekki hækkað þifreiðina í verði umfram markaðsvirði.

3. Verði ekki komið til móts við ofangreind atriði, þá er það algert skilyrði að fólksflutningar með sérleyfis og hópferðabifreiðum fái að skrá sig frjálstri skráningu frá 1. janúar 1993 líkt og þeir aðilar sem leigja út hótél og gistiherbergi.


Með von um að tekið verði tillit til þessara athugasemda.

Kveðja.

F.h. Félags hópferðaleyfishafa

  
Þorleifur Þor Jonsson

F.h. Félags sérleyfishafa

  
Gunnar Sveinsson